

Nd.

54. Framvarp

til laga um lögskráningu sjómanna.

Flutningsm.: Sigurjón Ólafsson, Héðinn Valdimarsson,
Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Lögskráning sjómanna er tvennskonar, lögskráning í skiprúm og lögskráning úr skiprúmi.

2. gr.

Skylt er að lögskrá sjómenn á öllum íslenskum skipum, sem eru 12 smálestir brúttó eða stærri.

3. gr.

Lögreglustjórar eru lögskráningarstjórar hver í sínu umdæmi. Utan heimilisþinghár sinnar er þeim heimilt að fela hreppstjórum að framkvæma lögskráningar.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið getur skipað sérstaka lögskráningarstjóra á þeim stöðum, þar sem ástæða þykir til að létta því starfi af lögreglustjóra.

Þar sem eigi er öðruvísi ákveðið í lögum þessum fer lögskráning fram í því umdæmi, sem skipið þá er statt í.

4. gr.

Lögskrá skal í skiprúm:

1. Í hvert sinn, er nýr maður er ráðinn á skipið hér á landi.
2. Í hvert sinn, er nýr maður er ráðinn erlendis á íslenskt skip. Íslenskur ræðismaður lögskráir þá á skipið, ef til hans næst, en ella skal lögskráning fara fram í fyrstu höfn hérlendis, er skipið er afgreitt í eða fermir í eða affermir.
3. Í hvért sinn, er sjómenn eru ráðnir hér á landi í skiprúm á íslensku skipi, sem statt er erlendis, skulu þeir lögskráðir áður en þeir fara af landi burt, og fer lögskráning þá fram þar, sem ráðningarsamningur er gerður við þá.
4. Í hvert sinn er íslenskur sjómaður er ráðinn á erlent skip hér á landi.
5. Í fyrsta sinn á hverju almanaksári, er skip er afgreitt eða byrjar ferð frá hérlendri höfn, enda þótt engin breyting verði á skipshöfn eða ráðningarkjörum hennar.

Nú er ráðningarkjörum sjómanna, sem fyrir eru á skipinu, breytt með nýjum samningum, og fer þá um lögskráningu sem þeir séu ráðnir að nýju á skipið.

5. gr.

Lögskrá skal úr skiprúmi í hvert sinn, er vist manns lýkur á skipi, hvort sem hann er leystur úr skiprúmi, strýkur af skipi, andast í vistinni eða fer með öðrum hætti af skipi. Fari hann af skipi í hérlandri höfn, fer lögskráning fram þar, en ella í fyrstu höfn héraendis, er skipið er afgreitt í eða fermt í eða affermt.

6. gr.

Lögskrá skal alla þá menn, sem ráðnir eru til vinnu á skipi og fara eiga með því, hver sem starfi þeirra er. Þó þarf eigi að lögskrá leiðsögumenn, eftirlitsmenn með farmi eða verkamenn, er vinna eiga að ferminu eða afferminu á höfnum innanlands, þó þeir fari með skipinu, enda séu þeim eigi ætluð önnur störf.

7. gr.

Eigi má skipstjóri leggja skipi úr höfn nema allir þeir skipsmenn, er skylt er að lögskrá samkv. 6. gr., hafi áður verið lögskráðir í skiprúm.

Nú ber svo til, að leggja þarf skipi úr höfn, til fiskiveiða hér við land eða annara ferða innanlands, á þeim tíma, er skrifstofa lögskráningarstjóra er lokuð og lögskrá þarf einn mann eða fleiri í skiprúm, og er þá rétt, að þeir fari með skipinu ólögskráðir, enda hafi skipstjóra eigi verið kunnugt um, að lögskrá þyrfti þá, áður en skrifstofu lögskráningarstjóra var lokað. Skipstjóri skal þó, áður en hann lætur úr höfn, tilkynna lögskráningarstjóra bréfliga nöfn og heimili hinna ólögskráðu manna, svo skal hann og rita nöfn þeirra og ráðningarkjör á það samrit skipshafnarskrár, er hann hefir á skipinu. Þegar skipið næst kemur til héraendrar hafnar, skal skipstjóri lögskrá menn þessa í skiprúm. Nú er sú ákvörðun tekin, eftir að skipið lætur úr höfn, að það fari til útlanda, og má þá enginn skipsmanna vera ólögskráður, þeirra er skylt var að lögskrá samkv. 6. gr.

8. gr.

Skipstjóra er skylt að sjá um, að skipsmenn séu lögskráðir í skiprúmi og úr skiprúmi. Nú er svo ástætt sem segir í 3. lið 4. gr., og er skipstjóri eigi staddur þar sem lögskráning á að fara fram, og skal þá útgerðarmaður sjá um, að lögskráð sé.

9. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skulu menn þeir, er lögskráðir skulu, mæta sjálfir hjá lögskráningarstjóra ásamt skipstjóra, eða útgerðarmanni eða umboðsmanni hans, er svo stendur á sem segir í niðurlagi 8. gr. Nú er sá maður, er lögskráður skal, ráðinn á skipið af öðrum en skipstjóra eða útgerðarmanni, og skal þá sá maður, er réði hann, mæta við lögskráningu hans og undirrita ráðningarsamninginn í skipshafnarskrá og viðskiptabók.

Þegar lögskráð er úr skiprúmi, skulu þeir menn, er skrá á úr skiprúmi, mæta með sama hætti, ef eigi tálma veikindi eða önnur forföll.

10. gr.

Við lögskráningu skal skipstjóri sýna:

1. Skipstjóraskírteini sitt.
2. Mælingarbréf skipsins og haffærissskírteini.
3. Atvinnuskírteini þeirra manna, er lögskráðir eru og skírteini þurfa að lögum til þess að mega gegna stöðu þeirri á skipinu, sem þeir eru ráðnir til.
4. Skipshafnarskrá og aukaskrá, ef hún hefir verið gerð.
5. Viðskiptabækur þeirra manna, er lögskráðir skulu.

11. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skal lögskráningarstjóri rannsaka, hvort nokkuð sé því til fyrirstöðu, að menn þeir, sem skráðir skulu, megi vera á skipinu eða í þeirri stöðu, sem þeir eru ráðnir til. Reynist einhverju áfátt í þessu efni, skal hann neita að lögskrá þá menn, sem svo er ástatt um.

12. gr.

Þegar skipsmenn allir eru skráðir í skiprúm í senn, samkv. 5. lið 4. gr. eða endranær. skal skipstjóri láta gera skipshafnarskrá í tveimur samhljóða eintökum. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið setur reglur um gerð skipshafnarskrár. Nú eru nýir menn lögskráðir í skiprúm eftir að skipshafnarskrá er gerð, og skal þeim þá bætt við á skrána meðan hún endist, en á aukaskrá, sé hún fullrituð, og skal þess þá getið á aðalskránni, að aukaskrá hafi gerð verið.

13. gr.

Um viðskiptabækur og sjóferðabækur skipsmanna fer eftir ákvæðum sjómannalaganna og reglugerða þeirra, er settar verða samkvæmt þeim, sbr. og um sjóferðabækur lög nr. 40, 19. júní 1922, 20. gr.

14. gr.

Lögskráningarstjóri skal gæta þess, að skilríki þau öll, sem nefnd eru í 10. gr., séu fyrir hendi, er lögskráð er. Hann skal og gæta þess, að ritað sé í skipshafnarskrá og í viðskiptabók allt það, er þar skal ritað lögum samkvæmt, og að eigi sé ósamræmi milli þeirra. Komist hann að raun um, að misbrestur sé á þessu, skal eigi lögskráð fyrr en úr því er bætt, en ella ritar hann vottorð sitt um lögskráninguna á skjöl þessi.

15. gr.

Þegar lögskráð er í skiprúm, skal lögskráningarstjóri lesa upp ráðningarsamninginn í viðskiptabókinni eða skipshafnarskránni fyrir þeim, sem lögskráður skal, og spyrja hann að því, hvort hann sé samþykkur samningnum. Nú eru einhver þau ákvæði í samningnum, er lögskráningarstjóra virðast vera sjómanninum í óhag, og skal hann þá leitast við að fá þeim ákvæð-

um breytt. Takist það eigi og vilji báðir aðiljar hlíta samningnum eins og hann er, skal lögskráning fara fram, ef samningurinn brýtur eigi í bág við lög, en lögskráningarstjóri skal þá rita athugasemd í viðskiptabókina og á skipshafnarskrána um það, hvað honum þótti athugavert við samninginn.

16. gr.

Skipstjóra er skylt að hafa gert upp reikning þess manns, er úr skiprúmi skal skráður, áður en lögskráning hans úr skiprúmi fer fram. Nú er maður ráðinn á skip í þjónustu annars en útgerðarmanns, og skal þá skipstjóri sjá um, að sá, er hann vann hjá, geri reikning hans upp, áður en hann er lögskráður úr skiprúmi. Hvor aðili um sig getur krafizt þess, að lögskráningarstjóri geri reikninginn upp eða rannsaki hann. Nú greinir aðila á um reikningsgerðina, og skal lögskráningarstjóri þá leita um sættir með þeim. Takist eigi sættir, getur hvor aðili um sig krafizt þess, að lögskráningarstjóri leggi úrskurð á málið. Úrskurði hans getur hvor aðili um sig skotið til sjódoms, og skal þá fé það, er aðila greinir á um, falið lögskráningarstjóra til geymslu, þar til fullnaðardómur hefir gengið um málið.

17. gr.

Nú er sjómanni heitið hluta af afla skips, farmgjaldi eða öðrum tekjum af ferðinni, eða af ágóða útgerðarmanns af útgerðinni, og þetta kaup hans verður eigi ákveðið áður en hann er skráður úr skiprúmi, og þarf þá eigi að gera reikning hans upp, að því er til þess hluta kaupsins tekur, um leið og hann er skráður úr skiprúminu. Útgerðarmaður skal, er þannig stendur á, hafa gert sjómanninum reikningsskil, áður en 3 mánuðir eru liðnir frá því að sjómaðurinn var skráður úr skiprúmi. Vilji sjómaðurinn ekki hlíta reikningsskilunum, getur hann lagt málið undir lögskráningarstjóra samkvæmt því, sem segir í 16. gr.

18. gr.

Geti sjómaður eigi mætt sjálfur, er lögskrá skal hann úr skiprúmi, ber lögskráningarstjóra að gæta hagsmuna hans eða erfingja hans og taka á móti fé því, er hann átti inni, sjóferðabók hans og viðskiptabók og öðrum skilrikjum og koma því til réttra hlutaðeigenda.

19. gr.

Um skil skipstjóra á kaupum, sem haldið er eftir samkv. 62. gr. sjómannalaganna, fer eftir 69. gr. sömu laga.

20. gr.

Þegar lögskráningarstjóri hefir ritað vottorð sitt um lögskráninguna á skipshafnarskrána, afhendir hann skipstjóra annað samrit hennar, en heldur hinu eftir sjálfur.

Nú fer lögskráning síðar fram í öðru umdæmi en þar, sem það samrit skipshafnarskrár, er lögskráningarstjóri hélt eftir, er geymt, og skal þá lög-

skráningarstjóri sá, er síðar lögskráir, halda eftir samriti af því, sem ritað er á samrit skipstjóra, eða á aukaskrá, hafi hún verið gerð, við hina síðari lögskráningu.

Nú skýrir skipstjóri frá því við lögskráningu, að skipshafnarskrá sín sé glötuð, og lögskráningarstjóri hefir eigi samrit hennar, og skal þá lögskráningarstjóri leggja fyrir skipstjóra að láta gera nýja skipshafnarskrá. Skal lögskráningarstjóri þá rannsaka, hvort hin nýja skrá sé rétt, með sam-
anburði á henni við viðskiptabækur skipsmanna og önnur skilríki þeirra og með því að láta þá sjálfa skýra frá ráðningarkjörum sínum. Eigi að skrá alla skipsmenn úr skiprúmi, þarf að gera nýja skrá, en lögskráningarstjóri skal þá rannsaka þau atriði, er lögskráningin gefur tilefni til, með þeim hætti, er áður var sagt.

21. gr.

Nú verða skipstjóraskipti á íslenzku skipi, og skal lögskráningarstjóri þá kveðja báða skipstjórana til sín, ef þess er kostur. Skal þá afhenda hin-
um nýja skipstjóra öll skjöl þau, er skipinu eiga að fylgja og fyrirrennari hans hafði undir höndum, jafnframt því að hann er lögskráður á skipið.

22. gr.

Lögskráningarstjóri skal jafnan, er lögskráning fer fram, rannsaka, hvort farið hefir verið eftir fyrirmælum laga um lögskráningu. Ef ætla má, að lögbrot hafi verið framið, skal hann gera þær ráðstafanir, sem með þarf til þess að ábyrgð verði komið fram fyrir brotið. Nú er lögskráningarstjóri eigi jafnframt lögreglustjóri, og skal hann þá tafarlaust tilkynna hlutaðeig-
andi lögreglustjóra þessa málavexti.

23. gr.

Lögskráningarstjóra er skylt að hafa jafnan nægar birgðir af við-
skiptabókum sjómanna, sjóferðabókum og skipshafnarskrám. Ef skipstjóri óskar þess, er lögskráningarstjóra skylt að fylla skjöl þessi út fyrir hann.

Fyrir störf þau, er lögskráningarstjóri innir af höndum samkvæmt lög-
um þessum, svo og fyrir viðskiptabækur, sjóferðabækur og skipshafnarskrár, skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá, er atvinnu- og samgöngumálaráðu-
neytið setur. Lögskráningarstjóri innheimtir gjöld þessi, og renna þau í ríkis-
sjóð. Gjald fyrir sjóferðabók greiðir hlutaðeigandi sjómaður sjálfur. Gjald fyrir aðstoð við reikningsgerð greiðir sá, er hennar óskar, en önnur gjöld greiðir skipstjóri fyrir hönd útgerðarmanns.

24. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 50—500 króna sektum, ef ekki liggur
þyngri refsing við brotinu samkvæmt öðrum lögum. Sektirnar renna í ríkis-
sjóð.

25. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum sæta meðferð almennra lög-
reglumála.

26. gr.

58. gr. laga nr. 27, 27. júní 1921, er úr lögum numin.

27. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1930.

Greinargerð.

Samkvæmt þingsályktun 17. febr. 1928 var skorað á ríkisstjórnina að endurskoða siglingalögin frá 1914. Þeir, sem unnu að þessari endurskoðun, voru sammála um, að sérstök lög þyrfti að semja um lögskráningu sjómanna, er á engan hátt yrði fléttað inn í siglingalög eða sjómannaalög. Meðal nágrannaþjóða okkar er þetta svo og hefir verið um margra ára skeið. Enda þótt enginn ágreiningur væri um þetta atriði og lögskráningarákvæðin væru felld niður úr gildandi siglingalögum samkv. frumvarpi nefndarinnar, þá náðist ekki samkomulag um frumvarp til laga um lögskráningu sjómanna. Frumvarp þetta er því fram komið fyrir þá sök og er í aðalatriðum sniðið eftir þeim venjum, sem skapast hafa um lögskráningu, en sú venja er að mestu byggð á dönsku lögskráningarlögum. Samkvæmt gildandi lögum eru ákvæði um lögskráningu næsta ófullkomin og því mikil þörf á að setja lög um það efni. Á þinginu 1929 voru borin fram tvö frv., frv. til sjómanna-
laga og frv. um breyting á siglingalögum. Frumvörp þessi komust aldrei úr nefnd og fyrir þá sök kom frumvarp þetta ekki fram í dagsljósið þá, en nauðsynlegt er, að það geti orðið samferða hinum tveimur frv. í þinginu og fái afgreiðslu samtímis þeim.

Nánar í framsögu.